

30. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn á Hótel Selfossi, 28. sept. 1995. kl 12.00.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Guðmundur Hermannsson og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

1. Dagskrá aðalfundar - tillaga að nýrri samþykkt fyrir Sorpstöð Suðurlands kynnt.

Samþykkt að leggja hana fram á aðalfundi með nokkrum breytingum.

2. Drög að samningi um urðun við fyrirtæki í Hafnarfirði.

Formaður skýrði samningsdrög og greindi frá þeim viðræðum sem átt hafa sér stað á undanförunum dögum.

Samþykkt að vísa málinu til aðalfundar með ósk um heimild til stjórnar að ganga til samninga á grundvelli samningsdraganna.

3. Bréf frá Héraðsdómi Suðurlands dags. 25. sept. 1995 vegna beiðni eigenda Auðsholts um dómkvaðningu tveggja matsmanna til að meta hugsanlegt tjón eigendanna vegna staðsetningar sorpurðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu.

Samþykkt að stjórn vinni áfram að þessu máli í samvinnu við sérfræðinga.

Þorvarði falið að hafa samband við Jón Ólafsson hrl. um málið.

4. Drög að samningi við Ræktunarsamband Suðurlands um leigu á beltagröfu með manni á sorpurðunarsvæðið í vetur.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi.

Framkvæmdastjóra falið að vinna að tillögu um framtíðarfyrirkomulag rekstursins og verði þeirri vinnu lokið fyrir 1. apríl 1996.

5. Önnur mál.

a) Upplýst var að lán að upphæð 8 milljónir króna hefði verið tekið hjá Kaupþingi sbr. samþykkt stjórnar 22. júní sl.

b) Karl Björnsson kynnti bréf til umhverfisráðherra dags. 7. júní 1995 varðandi ósk um niðurfellingu - lækkun leigugreiðslna til ríkisins vegna notkunar á landi Kirkjuferjuháleigu, en jörðin er í eigu ríkisins.

Fundi slitið kl. 13.55.

Karl Björnsson.

Guðmundur Hermannsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Þorvarður Hjaltason.